



**Þinggerð 67. ársþings KSÍ**  
**Haldið á Hilton Nordica**  
**9. febrúar 2013**

**Þinggerð 67. ársþings KSÍ,  
haldið á Hilton Nordica, 9. febrúar 2013**

Eftir að síðasta knattspyrnutímabil hafði verið rifjað upp og Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði minnst fallinna félaga í knattspyrnuhreyfingunni setti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þingið og mælti svo:

Forystufólk íslenskrar knattspyrnu og góðir gestir.  
Góðir þingfulltrúar.

Árið 2012 var á margan hátt gott fyrir íslenska knattspyrnu. Nýir og ferskir vindar léku um A landslið karla. Liðið var undir stjórnum nýs þjálfara, Sváns Lars Lagerbäck, sem byggði upp lið með marga unga og efnilega leikmenn í aðalhlutverkum. Undankeppni HM 2014, en úrslitakeppnin fer fram í Brasilíu, hófst sl. haust með 4 leikjum, 2 á heimavelli og 2 á útivelli. Íslenska liðið vann 2 leiki en tapaði 2 og er sem stendur í 3. sæti í sínum riðli með 6 stig á eftir Sviss (með 10 stig) og Noregi (7 stig). Á eftir koma Albanía (með 6 stig), Slóvenía (3 stig) og Kýpur (3 stig). Spennandi ár er því framundan hjá íslenska landsliðinu og góður árangur í þeim 6 leikjum sem eftir eru getur skilað liðinu í sæti sem gefur þátttökurétt í HM. Evrópa mun eiga 13 lið í úrslitakeppni HM 2014. Þar verða sigurvegarar riðlanna 9 í undankeppnni í Evrópu auk þess sem þau 8 landslið sem hafna í 2. sæti riðlanna 9 og bestum árangri ná munu leika um 4. sæti með útsláttarfyrirkomulagi. Á næsta ári hefst undankeppni EM 2016 en úrslitakeppnin mun fara fram í Fraklandi. Þar munu 24 þjóðir leika til úrslita, 8 fleiri en 2012. Þar með aukast möguleikar Íslands en 3. sætið í riðlum undankeppninnar getur gefið sæti í úrslitakeppnni. Sá hópur sem nú myndar landsliðið ætti að vera klár í þann slaginn. Úrslitakeppni HM 2018 fer svo fram í Rússlandi og HM 2022 í Katar. Knattspyrnusamband Evrópu hefur ákveðið að úrslitakeppni EM 2020 fari fram í 13 borgum í jafnmögum löndum Evrópu og þannig verði haldið upp á 60 ára afmæli keppninnar.

A landslið kvenna heldur áfram að gera það gott og tryggði sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni EM 2013 sem fram fer í Svíþjóð í júlí. Ísland leikur þar í riðli með Noregi, Þýskalandi og Hollandi, en alls taka 12 landslið þátt í úrslitakeppnni. Það verður áhugavert að fylgjast með framgangi íslenska liðsins í sumar en liðið er skipað leikmönnum sem hafa mikla reynslu og margar þeirra tóku þátt í úrslitakeppni EM 2009. Eftir riðlakeppnina taka við 8 liða úrslit og þangað stefnir íslenska liðið. Leikmenn liðsins eiga hrós skilið fyrir góðan árangur. Þjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson og starfslíð hans hafa skilað frábæru starfi enn og aftur. Í haust hefst svo undankeppni HM kvenna en úrslitakeppnin fer fram í Kanada 2015. Þá munu í fyrsta sinn leika 24 þjóðir til úrslita, en síðast voru þær 16. Evrópa mun eiga 8 sæti af 24. Knattspyrnusamband Evrópu hefur ákveðið að frá og með 2017 muni 16 þjóðir leika til úrslita í Evrópumóti kvenna. Þessar ákvarðanir FIFA og UEFA sýna að mikilvægi og vinsældir knattspyrnu kvenna eru að aukast.

Yngri landsliðin léku fjölmarga leiki á árinu en hæst bar frábær árangur U17 landsliðs karla sem vann sér rétt til að leika í úrslitakeppni EM 2012 sem fram fór í Slóveníu í maí. Það voru 53 landslið sem hófu keppni en aðeins 8 léku til úrslita. Það er ljóst á árangri yngri landsliða að uppeldisstarf íslenskra félaga skilar mörgum efnilegum leikmönnum um þessar mundir. Landslið Íslands í knattspyrnu léku alls 69 leiki á árinu 2012, fleiri en nokkrum sinni fyrr á einu ári. Eins og ávallt er það markmið sérhvers leikmanns að leika fyrir hönd þjóðarinnar. Það voru alls 256 leikmenn sem svo gerðu á árinu, 115 konur og 141 karl. Ótaldir eru þeir leikmenn sem ekki komu við sögu inni á vellinum sem og allur sá mikli fjöldi sem boðaður var á úrtaksæfingar. Það er gott að staldra við og rifja upp árangur Íslands sl. ár en við höfum átt lið í úrslitakeppni Evrópu frá 2007 sem hér segir: U19 landslið kvenna lék í 8 liða úrslitum 2007 sem fram fór á Íslandi, U17 landslið karla lék í 8 liða úrslitum 2007, A landslið kvenna lék í 12 liða úrslitum 2009, U21 landslið karla lék í 8 liða úrslitum 2011, U17 landslið kvenna lék í 4 liða úrslitum 2011 og U17 landslið karla lék í 8 liða úrslitum 2012. Þá hefur A landslið kvenna tryggt sér sæti í 12

liða úrslitum í sumar eins og fram hefur komið. Þessi árangur Íslands, 7 landslið í úrslitum í Evrópu á 7 árum, hefur vakið verðskuldaða athygli innan sem utan lands og staðfestir vel það góða uppbyggingarstarf sem unnið er innan raða KSÍ. Knattspyrnusamband Evrópu hefur ákveðið að frá og með 2015 muni 16 þjóðir leika til úrslita í EM U17 karla og frá og með 2014 leika 8 þjóðir til úrslita í EM U17 kvenna. Knattspyrnusamband Evrópu hefur falið KSÍ að halda úrslitakeppni Evrópumóts U17 kvenna árið 2015. Þá mun KSÍ halda Norðurlandamót U17 kvenna í ár en leikið verður á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu í sumar.

FH varð Íslandsmeistari í sjötta sinn í meistaraflokki karla frá 2004 þegar félagið vann í fyrsta sinn. Það má með sanni segja að sl. áratugur hafi verið tímabil FH í íslenskri knattspyrnu, en félagið hefur frá 2004 hafnað í 1. eða 2. sæti Íslandsmótsins. Sannarlega glæsilegur árangur sem erfitt verður að leika eftir. Víkingur Ólafsvík náði þeim frábæra árangri í Íslandsmótinu að komast upp í efstu deild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins, en það var lið Þórs frá Akureyri sem fylgdi Ólsurum upp eftir góðan sigur í 1. deildinni. Árið var Þórsurum gott því að félagið lék í Evrópukeppni félagaliða fyrst liða úr 1. deild karla og komst í 2. umferð. Þá varð Þór/KA Íslandsmeistari kvenna í fyrsta sinn á sannfærandi hátt og þar með var nýtt nafn ritað á Íslandsbikarinn annað árið í röð. Þróttur R. og HK/Víkingur unnu sér rétt til að leika í efstu deild kvenna. KR varð bikarmeistari í 13. sinn í meistaraflokki karla eftir sigur á Stjörnunni sem lék í fyrsta sinn til úrslita. Stjarnan varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna í fyrsta sinn þegar liðið lagði Val í úrslitaleik. Völsungur og KF unnu sér rétt til að leika í 1. deild karla og Sindri og Ægir unnu sér rétt til að leika í 2. deild karla. Íslandsmótið 2012 markaði tímamót því að samþykkt var á ársþingi KSÍ að fylgja landsdeildum um eina. Því var leikið um það sérstaklega hvaða félög léku í nýri 3. deild karla sem skipuð verður 10 liðum. Í fyrstu 3. deild karla sem leikin verður sem landsdeild 10 liða verða: Augnablik, Fjarðabyggð, Grundarfjörður, Huginn, ÍH, Kári, KFR, Leiknir F., Magni og Víðir. Svo sannarlega landsdeild með réttu. Á síðasta ári voru 30 félög í lægstu deild en nú hafa skráð sig 25 félög til leiks í 4. deild karla. Ég óska öllum sigurvegurum sl. árs til hamingju með góðan árangur.

Mótahald var í föstum skorðum og aðeins voru gerðar smávægilegar breytingar á keppnisfyrirkomulagi yngri flokka en þar fer meginhluti leikja KSÍ fram. Stjórn KSÍ hefur ákveðið að gera nokkrar breytingar fyrir komandi tímabil á reglugerðum er varða mótað. Stjórn KSÍ ákvað að samræma reglur um fjölda varamanna í meistaraflokki sem leiðir til þess að í keppni í öllum deildum og bikarkeppni í meistaraflokki mega nú vera 7 varamenn og 7 í liðsstjórn. Dómara er nú gert skyld að skrá atvik á leikskýrslu með tölvu beint í gagnagrunn KSÍ að leik loknum á leikstað þannig að segja má að leikskýrsla KSÍ sé þar með að fullu orðin rafræn sem gefur fjölmöldum og áhugafólki um knattspyrnu nauðsynlegar upplýsingar með öruggum og skjótum hætti. Það er rétt að minna á að nettengd tölvu þarf nú að vera til staðar í klefa dómara á leikjum á vegum KSÍ. Þá var ákveðið að falla frá framlengingu í vormótum KSÍ og því verður ekki lengur framlengt í leikjum í meistarakeppni KSÍ og deildarbikarkeppni KSÍ ef jafnt er heldur verður farið beint í vítaspyrnukeppni. Þá hefur verið ákveðið að reyna að bæta enn þjálfun yngstu iðkenda með því að leika í 5 manna knattspyrnu í Polla- og Hnátumóti KSÍ í stað 7 manna áður.

Stjórn KSÍ samþykkti nú í byrjun árs ný ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sem varða óeðlileg afskipti af úrslitum leikja, þar sem kveðið er á um skyldur aðila innan okkar vébanda sem og refsiákvæði. Við verðum að halda vöku okkar í þessum málum og gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda knattspyrnuleikinn frá glæpsamlegri veðmálastarfsemi. Úrslit knattspyrnuleiks verða ávallt að ráðast á vellinum í heiðarlegum leik.

Á árlegri verðlaunaafhendingu UEFA fyrir markaðsmál tengd knattspyrnu, sem fram fór í Róm í lok nóvember, hlaut Ísland verðlaun fyrir markaðssetningu á Pepsi-deildunum í knattspyrnu. Fimmtán þjóðir kepptu við Ísland í floknum Best Sponsorship Activation, en sá flokkur þykir afar eftirsóttur og mörg glæsileg verkefni kepptu

um sigur. Þetta voru ánægjuleg tíðindi sem endurspeglar hið mikla markaðsstarf sem unnið er af Ölgerðinni og félögunum í deildunum. Borgun gekk til liðs við KSÍ og nú ber Bikarkeppni KSÍ heiti fyrirtækisins, þ.e. Borgunarbikarinn.

Hvers kyns fræðslustarf skipar sífellt stærri sess í starfsemi KSÍ. Á starfsárinu voru haldnir fleiri fræðslufundir og námskeið en nokkru sinni fyrr í sögu KSÍ. Aukin þekking hvort sem er á tæknilegum hliðum leiksins eða rekstrar varðar brautina til meiri fagmennsku og vonandi betri árangurs. KSÍ hóf sókn í menntun leikmanna og þjálfara í markvörslu en það er vel þekkt að sú leikstaða krefst meiri sérþekkingar en aðrar stöður á vellinum. Markmannsskóli KSÍ varð að veruleika fyrir unga markverði í 4. aldursflokk og stefnt er á að bæta við 3. aldursflokk. Heimsþekktur fyrrverandi markvörður, Patrick Bonner, mun í allan vetur leiðbeina markvarðapjálfurum okkar til að auka sérþekkingu og gæði þjálfunar hér á landi. Stjórn KSÍ hefur í því sambandi samþykkt að setja menntunarkröfur á markvarðapjálfara knattspyrnuliða. KSÍ hélt læknaráðstefnu til að auka þekkingu á sviðum knattspyrnuþróttarinnar á þeim vettvangi. Við höfum séð það í áranna rás að íslenskir atvinnumenn leita oft til lækna hér á landi og sýnir það vel að kunnátta þeirra er í fremstu röð. Um síðustu helgi kom hingað til lands yfirmaður félagaskiptamála hjá FIFA og hélt fyrirlestur um félagaskiptagjöld og fleira. Slík námskeið eru afar fróðleg og ekki skemmir fyrir þegar fyrirlesarar eru í fremstu röð í sínu fagi. Það er stefna KSÍ að halda áfram á sömu braut því að aukin þekking mun bæta okkar starf.

Leyfiskerfi KSÍ var fyrst tekið í notkun fyrir keppnistímabilið 2003 og var leyfisferlið því það tíunda í röðinni árið 2012. Því er rétt að líta aðeins til baka og skoða hvað hefur áunnist á þessum árum. Árið 2002 var afar fátítt að knattspyrnudeildir íþróttafélaga væru með endurskoðaða ársreikninga með fullri áritun, en í dag er það mikið gæðamerki á rekstri knattspyrnufélags að reksturinn hafi hlotið áritun endurskoðanda. Alls hafa rúmlega 30 félög undirgengist leyfiskerfið einu sinni eða oftar og hafa þar með fengið endurskoðun á ársreikninga sína þau ár. Gríðarleg aukning hefur orðið á menntuðum þjálfurum á Íslandi og er það ekki síst að þakka þeim kröfum sem gerðar eru í leyfiskerfi KSÍ. Í dag er staðan þannig að félögin sem leika í efstu tveimur deildum karla eru að öllu jöfnu með KSÍ-A eða KSÍ-B þjálfara í öllum flokkum. Sá þáttur sem hefur gengið í gegnum hvað mesta breytingu er án efa aðstaða áhorfenda á knattspyrnuvöllum. Árið 2000 gátu einungis 5-6 knattspyrnuleikvargar talist hafa sæti fyrir áhorfendur. Árið 2012 nálgast sú tala þrjátíu leikvanga, en á árinu var ný stúka tekin í notkun við Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum og sætum var komið fyrir í stúkunni á Akureyrarvelli. Þessu tengt er rétt að geta framkvæmda sem skipta okkur einnig miklu máli. Byggður var nýr leikvöllur á Húsavík með knattspyrnugrasi af bestu gerð og knattspyrnugrasið var endurnýjað á Stjörnuvelli, í Reykjaneshöllinni og Hópinu í Grindavík svo það er nú einnig af bestu gerð á þessum stöðum. Hamarshöllin var vígð, loftborið og upphitað fjölnota íþróttahús með knattspyrnugrasi að hluta og knattspyrnuhús var vígt á Höfn í Hornafirði sem þekur hálfan völl með knattspyrnugrasi. En við verðum í sameiningu að halda baráttunni áfram fyrir betri og aukinni aðstöðu og gera þær kröfur til sveitarfélaga að lokið sé við framkvæmdir, t.d. með því að byggja þök á nýjar stúkur. Þá er mikilvægt að huga sífellt að betri aðbúnaði leikmanna, s.s. búningsklefum og annari aðstöðu. Leyfisreglugerð KSÍ fór enn á ný í gegnum endurskoðun skv. nýjum kröfum Knattspyrnusambands Evrópu. Ný reglugerð tók gildi í nóvember. Helsta breytingin á reglugerðinni er afar veigamikil og gjörbreytir í raun þeim fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra félaga sem undirgangast leyfiskerfið. Um er að ræða kröfur um fjárhagslega háttvísí sem takar gildi í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014. Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu. Grunnreglan er sú að félag sem er með eða lendir í neikvæðri eiginfjárstöðu fær tvö ár til að bæta úr því. Leyfisumsækjandi með verulega neikvæða eiginfjárstöðu (meira en 10% af knattspyrnulegum rekstrartekjum) getur fengið tveggja ára auka aðlögun að forsendunni, en þarf að sýna fram á bætta stöðu eftir tvö ár (lækkun um 40%) til að fá það. Nýtt ákvæði er um hámarksskuldbýrði. Heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% að meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Grunnreglan er sú að félag sem fer yfir hámarksskuldbýrði fær tvö ár til að bæta úr því.

Leyfisumsækjandi með skuldabýrði sem er meira en 60% í upphafi, getur fengið tveggja ára aukaaðlögun að forsendunni, en þarf a.m.k að halda í horfinu fyrstu tvö árin til að fá það. Aukaaðlögun skv. þessum ákvæðum gildir til loka leyfisárs 2017. Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um þessar breytingar á opinberum vettvangi en ljóst má vera að með þeim er stigið metnaðarfullt skref til að gera rekstur knattspyrnufélaga enn traustari og betri.

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2012 námu 842 milljónum króna samanborið við 766 milljónir króna á árinu 2011. Hækkun rekstrartekna skýrist af auknu framlagi frá UEFA en nýhafið fjögurra ára tímabil, 2012-2015, tryggir KSÍ rúmar 2 milljónir evra í tekjur frá UEFA árlega auk framlags í mannvirkjasjóð. Rekstrarkostnaður KSÍ var 794 milljónir króna samanborið við 705 milljónir króna á árinu 2011. Áætlun gerði ráð fyrir 713 milljón króna rekstrarkostnaði svo að kostnaðurinn var um 80 milljónum króna meiri en áætlað hafði verið. Þessi munur skýrist að stærstum hluta af auknum kostnaði við landslið, rúmar 50 milljónir króna, en verkefni urðu fleiri en áætlað hafði verið. Þá fór mótkostnaður 12 milljónir króna fram úr áætlun sem skýrist að stærstum hluta af auknum ferðakostnaði dómara. Rekstrarhagnaður ársins nam tæpum 48 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir rúmlega 63 milljóna króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ um 72,5 milljónir króna. Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu um 72 milljónum króna vegna barna- og unglingsstarfs, leyfiskerfis og fleira. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum að fjárhæð 77 milljónir króna. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga nam hagnaður ársins tæpri hálfri milljón króna. Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé hækkar á milli ára og var nú í árslok um 473 milljónir króna. Eignir eru metnar á 892 milljónir króna. Eigið fé KSÍ var riflega 228 milljónir króna í árslok. Rekstrartekjur KSÍ voru 794 milljónir króna eins og áður sagði og að auki runnu um 350 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ sem ekki voru tekjufærðar hjá knattspyrnusambandinu heldur viðkomandi félögum en það voru framlög frá UEFA og tekjur af sjónvarps- og markaðsrétti. Í heild voru tekjurnar því tæplega 1.150 milljónir króna og var um einn þriðji þeirra tekjufærður hjá aðildarfélögum sambandsins. Þá er ótalinn mannvirkjasjóður KSÍ en hann var fjármagnaður að fullu með framlagi frá UEFA og fór til framkvæmda aðildarfélaga. Alls voru greiddar tæplega 59 milljónir króna úr mannvirkjasjóði KSÍ árið 2012 en þess skal þó getið að um 11 milljónir króna voru vegna sparkvallaátaks KSÍ. Gera má ráð fyrir að rekstrartekjur knattspyrnufélaganna í heild hafi verið um 3,5 milljarður króna á árinu 2012.

Við þetta tækifæri vil ég þakka Hannesi Þ. Sigurðssyni fyrir hans ómetanlega framlag við gerð ársreiknings Knattspyrnusambands Íslands, en hann hefur verið skoðunarmaður í 60 ár samfellt. Hannes gefur ekki kost á sér áfram. Hann var einn af okkar frenstu dómurum um árabil og í hópi milliríkjadómara Íslands. Hann er heiðursfélagi KSÍ og starfar enn sem eftirlitsmaður á leikjum á vegum sambandsins. Við skulum þakka Hannesi skoðunarstörfin í 60 ár samfellt með hressilegu lófataki.

KSÍ náði mikilvægu samkomulagi við Sportfive á starfsárinu sem gerir sambandinu kleift að taka þátt í sameiginlegri sölu Knattspyrnusambands Evrópu á sjónvarpsrétti frá öllum leikjum í undankeppni EM 2015 ásamt öllum aðildarlöndum UEFA. KSÍ og Sportfive munu halda áfram samstarfi skv. samningi aðila nema hvað UEFA mun fara með fyrrnefnd réttindi auk þess sem Sportfive mun selja sjónvarpsréttindi og tiltekin markaðsréttindi fyrir efstu deild og bikar á markaðsvirði árin 2014 og 2015 en ekki gjalda fyrir þau föstu umsömu verði eins og verið hefur. Sameiginleg sala réttinda frá undankeppni EM 2016 og HM 2018 verður í höndum Knattspyrnusambands Evrópu. Tekjur KSÍ af þessum réttindum munu aukast og KSÍ mun geta tryggt félögum í efstu deild sambærilegar tekjur til 2015 eins og samningurinn við Sportfive kvað á um þrátt fyrir ofangreindar breytingar.

Það er vandasamt og krefjandi að reka knattspyrnufélag og láta enda ná saman. Stjórn KSÍ hefur á undanförnum árum markvisst reynt að léttu undir með aðildarfélögum, bæði með fjárfamlögum og ekki síður með því að taka yfir kostnað við þátttöku í mótum sambandsins. Það er öllum ljóst að ferðakostnaður félaga sem staðsett eru fjarri höfuðborgarsvæðinu er þungur baggi í rekstri þeirra. Ferðasjóður íþróttafélaga þarf að stækka og við þurfum í sameiningu að sækja á um aukin framlög í sjóðinn. Nú er kosningar til Alþingis framundan og ég skora á ykkur að nota hvert tækifæri til að minna á þetta mikilvæga sanngirnismál.

Þjónustuhlutverk KSÍ er fyrst og fremst við aðildarfélögini en því lýkur ekki þar. Þjónusta við leikmenn, þjálfara, dómara, almennt áhugafólk um knattspyrnu, fjölmiðla, opinbera aðila, einkaaðila, erlenda aðila og svo mætti áfram telja er einnig mikilvægur þáttur í starfsemi KSÍ. Stjórn KSÍ hélt fjölmarga fundi með aðildarfélögum KSÍ á starfsárinu og fékk þannig tækifæri til að kynna sér enn frekar starf aðildarfélaga og ræða fjölmörg málefni knattspyrnunnar. Ljóst er að ýmis mál brenna á aðildarfélögum og sumpart ólík eftir deildum og staðsetningu. En það var gaman og gagnlegt að kynnast þeim ótrúlega krafti og metnaði sem fyrst og fremst einkennir störf ykkar. Við verðum ávallt að bera gæfu til að starfa saman, takast á ef þarf, en sameinast um málin allri hreyfingunni til heilla. Við gerum og eigum að gera kröfur á sveitarfélög og ríkisvaldið því að okkar störf eru mikilvæg fyrir íslenskt samfélag. Við berum líka samfélagslega ábyrgð og KSÍ ákvað nýverið að tileinka næstu tvö ár baráttunni gegn einelti í samfélagi okkar í samstarfi við verkefnastjórn fjögurra ráðuneyta.

Stjórn KSÍ þakkar ykkur forystusveit íslenskrar knattspyrnu fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi stendur eins sterk og raun ber vitni. Við óskum ykkur gæfu á komandi keppnistímabili.

Ársþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Nú hittumst yið enn á ný í Reykjavík en það er kominn tími á ársþing utan Reykjavíkur. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er góð þegar ég segi 67. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

---

### Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Geir Þorsteinsson afhenti jafnfréttisviðurkenningu KSÍ til Fjölbautaskólans í Breiðholti

Geir Þorsteinsson afhenti grásrótarverðlaun KSÍ og UEFA. Verðlaunin hlaut Knattspyrnumót Unglingalandsmóts UMFÍ.

Geir Þorsteinsson afhenti Drago-stytturnar, til ÍA í Pepsi-deild karla og Hauka í 1. deild karla. Þá fékk HK viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í 2. deild karla og Árborg í 3. deild karla. ÍBV fékk kvennabikarinn sem viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í Pepsi-deild kvenna og Völsungur fékk viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í 1. deild kvenna.

---

### Formaður KSÍ gerði tillögu um eftortalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Almar Guðmundsson, UMSK, formaður

Eiríkur Einarsson, ÍBR

Þorsteinn Magnússon, ÍS

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson

2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykkir af þingfulltrúum með lófataki. 1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Águst Ingi Jónsson

2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

**Ávörp gesta**

Helga Guðrún Guðmundsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, flutti kveðju UMFÍ og þakkaði samstarfið á liðnu ári. Hún hvatti til árvekni gegn ólöglegri veðmálastarfsemi. Helga hrósaði KSÍ fyrir auglýsingaherferð þar sem ungar stúlkur eru hvattar til að æfa fótbolta með frábærum fyrirmynnum úr landsliði Íslands. Áfram Liverpool. Íslandi allt, voru lokaorð hennar.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir, ritari Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands, flutti kveðju forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Hún sagði að KSÍ væri langfjölmennasta sérbandið innan ÍSÍ og það væri ánægjulegt að sjá afrakstur af góðum rekstri skila sér til yngstu iðkenda. Mikil uppbygging ætti sér stað í knattspyrnu um allt land með aðdáunarverðu starfi og mikilli vinnu sjálfboðaliða. Árangur A-landsliðs kvenna hefði vakið athygli langt út fyrir landsteinana og auglýsingaherferð til að hvetja ungar stúlkur væri mjög jákvæð. Vel gert, sagði Helga Steinunn.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, þakkaði samstarf og stuðning. Hann rakti stuttlega sögu KPÍ frá 1970 er Albert Guðmundsson stóð fyrir stofnun þess. Sigurður hvatti félög til að ráða menntaða þjálfara, gera við þá samninga og virða þá. Hann sagði um 250 þjálfara greiða árgjald til félagsins og þar væri jafnframt starfandi lávarðadeild eldri þjálfara.

## Álit kjörbréfaneftndar

Almar Guðmundsson flutti álit kjörbréfaneftndar.

Frá HSH (5): Jónas Gestur Jónasson, Hilmar Hauksson, Gunnsteinn Sigurðsson, Gunnar Örn Arnarsson og Sólberg Ásgeirsson.

Frá HSK (8): Hjalti Þorvarðarson, Sævar Þór Gíslason, Sveinbjörn Másson, Þorsteinn Magnússon, Þór Emilsson, Guðbjartur Örn Einarsson, Guðmundur G Guðmundsson og Einar Karl Þórhallsson.

Frá HSV (1): Einar Pétursson.

Frá HSP (1): Kjartan Páll Þórarinsson.

Frá ÍA (3): Ingi F. Eiríksson, Stefán Ólafsson og Örn Gunnarsson.

Frá ÍBA (6): Páll Gíslason, Aðalsteinn Pálsson, Orri Stefánsson, Bjarni Áskelsson, Páll Jónsson og Eggert Högni Sigmundsson.

Frá ÍBH (7): Jón Rúnar Halldórsson, Lúðvík Arnarson, Viðar Halldórsson, Gunnar Gunnarsson, Jón Björn Skúlason, Jón Erlendsson og Halldór Garðarsson.

Frá ÍRB (6): Þorsteinn Magnússon, Einar Aðalbjörnsson, Ólafur Bjarnason, Jón Ólafsson, Leifur Gunnlaugsson og Arngrímur Guðmundsson.

Frá ÍBR (31): Ólafur Geir Magnússon, Ólafur P. Pétursson, Valur Ingi Johnsen, Jón Óli Sigurðsson, Kristinn Kjærnested, Baldur Stefánsson, Haraldur Haraldsson, Jónas Kristinsson, Haraldur Daði Ragnarsson, E. Börkur Edvardsson, Sigurður K. Pálsson, Benóný Valur Jakobsson, Snorri Sturluson, Þórður Kristleifsson, Elín Þóra Böðvarsdóttir, Pétur Stephensen, Jón Kaldal, Skúli Skúlason, Kári Arnórsson, Guðni Þórisson, Þórður Einarsson, Björn Einarsson, Sigurður Sighvatsson, Valdimar Sigurðsson, Ída Jensdóttir, Karl Arthursson, Zakaria Elías Anbari, Eiríkur Einarsson, Jónas Sigurðsson, Andri Stefánsson og Rúnar Óskarsson.

Frá ÍBV (5): Valur Smári Heimisson, Gestur Magnússon, Guðný Óskarsdóttir, Trausti Hjaltason og Hannes K. Sigurðsson.

Frá ÍS (4): Jónas Þórhallsson, Rúnar Sigurjónsson, Sigurður Halldórsson og Jón Ragnar Ástþórsson.

Frá UÍA (2): Magnús Ásgrímsson og Árni Ólason.

Frá UMSE (1): Björn Friðþjófsson.

Frá UMSK (16): Þórir Bergsson, Einar Kristján Jónsson, Borghildur Sigurðardóttir, Bjarni Bergsson, Atli Sigurðarson, Björgvin Júníusson, Almar Guðmundsson, Páll Grétarsson, Gunnar Leifsson, Sæmundur Friðjónsson, Hilmar S. Sigurðsson, Jón Sigurðsson, Friðrik Gunnarsson, Jóhann Már Helgason, Pétur Magnússon, Hanna Símonardóttir og Valdimar Leó Friðriksson.

Frá UMSS (3): Ómar Bragi Stefánsson, Stefán Arnar Ómarsson og Ingvi Hrannar Ómarsson.

Frá USAH (1): Eysteinn P. Lárusson.

Frá USÚ (2): Kristján Guðnason og Gunnar Valgeirsson.

Enginn mætti frá: HHF, HSB, HSS, UÍF, UDN, UMSB, USVH og USVS.

Fyrrnefndir 103 fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Geir Þorsteinsson skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar í fjarveru gjaldkera KSÍ, Guðrúnar Ingu Sívertsen.

#### Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Valdimar Leó Friðriksson tók til mál og sagði að á starfi KSÍ mætti sjá að stöðugleiki væri styrkur og ekki væri alltaf nauðsynlegt að finna upp hjólið. Hann talaði um að getumunur á N1-móti væri óheppilegur. Sagði að á stundum vantaði virðingu fyrir leiknum sjálfum meðal þjálfara og annarra aðstandenda liða. Uppeldisstarf væri gott innan KSÍ, en sá ljóður væri á að dæmi væru um að stúlkur kæmu til síns félags eftir æfingar með landsliðshópum U17 og U19 kvenna með þau skilaboð frá landsliðsþjálfara að þær ættu að fara í annað félag til að fá meiri og betri þjálfun. Slík dæmi sagðist hann þekkja frá Aftureldingu. Valdimar Leó vildi jafnframt að til væri reglugerð um þjálfarasamninga eins og leikmannasamninga og þeir væru stimplaðir af KSÍ.

Viðar Halldórsson tók til mál og óskaði stjórn til hamingju með ársreikninga sambandsins. Hann sagði að síðustu 2-3 ár hefðu átök verið undirliggjandi í hreyfingunni. Starf samtakanna Topp fótbolti væru að hans mati jákvætt og eðlileg þróun í knattspyrnunni. Íslensku samtökin ættu nú þegar góð samskipti við systursamtök erlendis. Auknar tekjur yrðu ekki bara til þess að gera stærri félögin enn stærri, allir nytu góðs af slíku. Aðilar innan knattspyrnuhreyfingarinnar ættu að vinna saman. Viðar sagði að Laugardalsvöllurinn væri vonlaus heimavöllur fyrir landslið Íslands og þyrftu áhorfendur að sitja miklu nær vellinum heldur en mögulegt væri í Laugardalnum. Góður heimavöllur gæti skipt sköpum til að ná þeim stigum sem landslið vantaði til að komast í úrslit á stórmóti.

Ragnhildur Skúladóttir, stjórnarmaður í KSÍ og formaður unglingsanefndar kvenna, tók til mál og sagði að alvarlegar ásakanir Valdimars Leós Friðrikssonar um afskipti landsliðsþjálfara af ungum iðkendum kæmu henni spánskt fyrir sjónir. Hún sagðist taka þær mjög alvarlega og óskaði eftir að fá þær formlega til unglingsanefndar kvenna.

Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.

---

#### Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 8

Tillögur á þingskjölum 6 til 8 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

**Þingskjal 6**

Þórir Hákonarson hafði framsögu.

**Rekstraráætlun 2013**

	Skýr.	Áætlun 2013	Raun 2012	Áætlun 2012
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	506.300.000	509.433.343	448.100.000
Tekjur af landsleikjum		24.000.000	26.846.363	20.250.000
Sjónvarprsréttur		241.000.000	240.953.200	237.000.000
Aðrar rekstrartekjur		39.800.000	33.662.897	32.450.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		44.660.000	31.174.068	39.310.000
		<b>855.760.000</b>	<b>842.069.871</b>	<b>777.110.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-365.100.000	-355.096.485	-302.230.000
Mótakostnaður		-123.500.000	-123.392.178	-111.200.000
Fræðslukostnaður		-35.000.000	-32.534.122	-31.800.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-178.800.000	-178.186.281	-174.550.000
Húsnaðiskostnaður		-19.300.000	-18.814.533	-19.200.000
Annar rekstrarkostnaður		-4.000.000	-13.595.102	-10.000.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-55.350.000	-53.144.468	-49.750.000
Afskriftir		-15.000.000	-19.708.594	-15.000.000
		<b>-796.050.000</b>	<b>-794.471.763</b>	<b>-713.730.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>59.710.000</b>	<b>47.598.108</b>	<b>63.380.000</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ		40.000.000	58.806.960	30.000.000
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ		-40.000.000	-58.806.960	-30.000.000
Fjármunatekjur		19.500.000	17.581.305	15.000.000
Fjármagnsgjöld		-1.000.000	-3.083.362	-1.000.000
Gengismunur		0	10.379.832	0
		<b>18.500.000</b>	<b>24.877.775</b>	<b>14.000.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>		<b>78.210.000</b>	<b>72.475.883</b>	<b>77.380.000</b>
<b>Styrkir og framlög til aðildarfélaga</b>		<b>-78.000.000</b>	<b>-71.998.206</b>	<b>-77.300.000</b>
<b>Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga</b>		<b>210.000</b>	<b>477.677</b>	<b>80.000</b>

## Skýringar

	Áætlun 2013	Raun 2012	Áætlun 2012
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSÍ	24.300.000	25.206.833	22.900.000
Getraunir	6.000.000	4.986.929	5.000.000
UEFA styrkir	371.000.000	365.350.854	315.200.000
FIFA styrkur	55.000.000	55.488.727	55.000.000
Ýmsir styrkir	50.000.000	58.400.000	50.000.000
	<b>506.300.000</b>	<b>509.433.343</b>	<b>448.100.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	140.000.000	124.779.814	117.030.000
U-21 landslið karla	37.400.000	30.078.889	34.930.000
U-19 landslið karla	17.400.000	16.876.049	13.640.000
U-17 landslið drengja	21.100.000	27.303.242	20.020.000
A-landslið kvenna	76.200.000	84.219.562	58.750.000
U-19 landslið kvenna	19.500.000	18.799.858	18.390.000
U-17 landslið stúlkna	27.200.000	21.822.397	22.180.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	26.300.000	31.216.674	17.290.000
	<b>365.100.000</b>	<b>355.096.485</b>	<b>302.230.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	100.600.000	96.465.780	96.800.000
Launatengd gjöld	24.300.000	22.483.505	24.900.000
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	53.900.000	59.236.996	52.850.000
	<b>178.800.000</b>	<b>178.186.281</b>	<b>174.550.000</b>

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt.

**Þingskjal 7**

Geir Þorsteinsson hafði framsögu og sagði að þingskjal 7 tengdist breytingum á lögum sem gerðar voru á síðasta ársþingi. Nauðsynlegt væri að uppfæra eina lagagrein til að tryggja rétt til þingsetu fyrir félög í öllum deildum.

**Tillaga um breytingu  
á lögum KSÍ  
– Réttur til þingsetu –**

**Lögð er til við ársþing KSÍ eftirfarandi breyting á lið d í grein 9.2. í lögum KSÍ:**

**Núverandi orðalag:**

- 9.2. Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
- Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 0. deild karla eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar,
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar,
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar,
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðstu deild karla eða kvenna á komandi leiktíð, komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks 3 leiktíðir af síðustu 5, þar sem ein skal vera sú síðasta,
  - fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli aðila að liðinu,
  - fyrir héraðssamband komi þó að minnsta kosti einn fulltrúi.

**Nýtt orðalag (breytingar undirstrikaðar):**

- 9.2. Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
- Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 0. deild karla eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar,
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar,
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar,
  - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks 3 leiktíðir af síðustu 5, þar sem ein skal vera sú síðasta,
  - fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli aðila að liðinu,
  - fyrir héraðssamband komi þó að minnsta kosti einn fulltrúi.

**Greinargerð:**

Á ársþingi KSÍ 2012 var samþykkt að fjölga landsdeildum í meistaraflokki karla. Nauðsynlegt er að breyta lið d. í grein 9.2. í lögum KSÍ til samræmis við þessa samþykkt þannig að löginn kveði á um rétt til þingsetu fyrir félög í öllum deildum. Þessi breyting veitir félögum í nýrri 3. deild karla og nýrri 4. deild karla sama rétt og félög höfðu áður í 3. deild karla.

Stjórn KSÍ

**Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt.**

**Þingskjal 8**

Framsögu hafði Almar Guðmundsson og sagði að tillagan fjallaði um hvernig ætti að skera úr um ef lið yrðu jöfn að stigum í riðlakeppni svo komast mætti hjá „spilagöldrum“.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ knattspyrnumót  
– Úrslitakeppni í 5. flokki –**

**Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 28. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.**

**Núgildandi ákvæði 28.1.10 og 28.1.11 verði felld út og í staðinn komi eftirfarandi ákvæði:**

**28.1.10.**

Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratalin.

Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

Eftirfarandi lið vinna sér sæti í 16 liða úrslitum úr riðlakeppni:

5 efstu lið úr A-riðli

3 efstu lið úr B-riðli

1 efsta lið úr C-riðli

3 efstu lið úr E-riðli

Eftirfarandi sæti úr riðlakeppnum leika um næstu 4 laus sæti í 16 liða úrslitum:

A6-B5

A7-B6

C2-B4

E4-1.sæti E2 riðill

Þar með fást 16 lið í úrslitakeppni.

Í keppni A og B liða skal skipa félögum í fjóra riðla með fjórum liðum sem hér segir:

Riðill 1: A1-B3-E3-A6/B5

Riðill 2: A2-B2-C1-E4/1.sæti E2 riðill

Riðill 3: A3-E1-A5-C2/B4

Riðill 4: A4-B1-E2-A7/B6

Frekari niðurkönnun leikja er í höndum mótaskjórnar KSÍ.

**28.1.11.**

Efstu tvö liðin úr hverjum riðli fara áfram í 8 liða úrslitakeppni. Fyrri helgi úrslitakeppninnar eru leiknir 2 leikir á laugardegi og 1 á sunnudagsmorgni.

Viku síðar er leikið í 8-liða úrslitum á laugardagsmorgni, undanúrslit seinni part laugardags og úrslitaleikur á sunndegi.

Niðurkönnun leikja í 8-liða úrslitum er í höndum mótanefndar KSÍ

KSÍ skal greiða allan ferðakostnað við þessa leiki í keppni A og B liða. Skal hann miðast við 13 manns í hverju liði.

**Greinargerð**

Samkvæmt núverandi reglugerð komast 12 lið áfram í úrslitakeppni 5.flokks karla. Spilað er í þremur fjögurra liða riðlum og komast sigurvegarar riðlanna ásamt besta 2.sætinu í fjögurra liða úrslit. Síðastliðið sumar var niðurkönnun í einum riðlinum af þremur ákveðin með því að draga um röðun í sæti þar sem að þrjú lið voru öll jöfn eftir leikina í riðlinum. Því fór svo að dregið var um röðun og leikmönnum liða tilkynnt um „úrslit“ riðilsins síðar um daginn. Það að fjögur bestu liðin í þessum aldursflokk sé ákvörðuð með „spilagöldrum“ er ekki

boðlegt. Því leggjum við til breytingu á reglugerð sem að útiloki þessar leiðir og tryggi að lið komist í úrslit á knattspyrnulegum forsendum.

Allar tillögur um hvaða sæti í riðlum skuli komast í úrslitakeppni og allar tillögur um hvaða niðurröðun skuli vera í riðlum úrslitakeppni má vera verkefni fyrir mótagstjórn KSÍ eða nefnd á vegum mótagstjórnar. Hér fara eingöngu tillögur þess efnis þar sem að þess er krafist að breyting á sjálfrí reglugerðinni þarf að berast ársþingi KSÍ formsins vegna. Aðalatriði tillögunnar er að breyta fyrirkomulaginu í þetta.

Ávinningur breytinganna er töluverður.

- \* Fleiri lið eiga séns á að komast í úrslitakeppni
- \* Ekki jafn dýrt fyrir minni liðin þó besti/u leikmenn fari í frí og missi af 2-3 leikjum. Eiga enn séns á að komast í úrslitakeppni þrátt fyrir einhverja tappleiki.
- \* Fleiri leikmenn læra það að undirbúa sig vel fyrir "mikilvæga" leiki
- \* Þú ert ekki úr leik þó þú misstígir þig í riðlakeppni úrslitakeppni því 2 efstu fara áfram í 8-liða.
- \* Leikmenn vilja spila til sigurs. Ekki láta spilastokk ráða úrslitum. Það er gjörsamlega ósættanlegt eftir margra mánaða vinnu til þess að komast alla þessa leið.
- \* Með þessu eru „spilagaldrar“ fjarlægðir sem faktor í því að Íslandsmeistarar séu réttilega krýndir.

### Stjarnan

Þórir Hákonarson tók til mál og sagðist efnislega sammála hugsun flytjenda tillögunnar, þó svo að hún leysti ekki vandann að öllu leyti. Þórir lagði til að tillögunni yrði vísað til mótanefndar.

Almar Guðmundsson tók til mál og sagði að tillagan fækkaði möguleikum á að grípa þyrfti til aðferða eins og spilagaldra. Hann sagðist sáttur við að tillögunni yrði vísað til mótanefndar. Hann lagði áherslu á að lagfæringer yrðu gerðar fyrir sumarið og að félög sem hefðu látið malið til sín taka kæmu að því ferli.

**Tillögu á þingskjali 8 var vísað til mótanefndar.**

### Tillaga til ályktunar - Ferðasjóður ÍSÍ.

Ársþing KSÍ skorar á mennta- og menningarmálaráðherra og Alþingi að stórauka framlög í ferðasjóð ÍSÍ.

Greinargerð:

Ferðasjóður ÍSÍ hefur þegar sannað gildi sitt og fjölmörg aðildarfélög ÍSÍ hafa notið góðs af honum. Hins vegar hallar mjög á íþróttafélög á landsbyggðinni þegar kemur að ferðakostnaði og þau sitja alls ekki við sama borð og félög á suð-vesturhorni landsins auk þess sem ferðakostnaður félaga fer vaxandi. Til þess að sjóðurinn geti í framtíðinni stuðlað að enn meiri jöfnuði þannig að búseta íþróttafólks hamli ekki þáttöku í íþróttastarfi er skorað á mennta- og menningarmálaráðherra og Alþingi að stórauka framlög ríkisins í sjóðinn.

### Stjórn KSÍ

Jóhann Torfason hafði framsögu og rakti nokkur dæmi um ferðakostnað í knattspyrnunni. Bent hann á að að ferðasjóðurinn hefði ekki náð þeim styrk sem að var stefnt.

**Tillagan var samþykkt.**

## Tillaga til ályktunar – Íþróttaslysasjóður ÍSÍ

Ársþing KSÍ skorar á velferðaráðherra og Alþingi að auka fjárfamlög til íþróttaslysasjóðs ÍSÍ þannig að sjóðurinn geti staðið undir endurgreiðslu kostnaðar íþróttamanna vegna sjúkraþjálfunar og læknisaðstoðar.

**Greinargerð:**

Í lögum um almannatryggingar er skýrt að íþróttafólki skulu tryggðar slysatryggingar. Árið 2002 var undirritað samkomulag á milli ÍSÍ og þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, nú velferðarráðuneyti, um að ráðuneytið veitti ÍSÍ styrk vegna kostnaðar íþróttamanna vegna sjúkraþjálfunar og læknishjálpar umfram það sem sjúkratryggingar greiða (sjúklingahluta). Styrkurinn kom í stað bóta sem Tryggingastofnun ríkisins greiddi áður skv. undanþáguheimild sem felld var niður 1. apríl 2002. ÍSÍ hefur æ síðan haft þessa umsýslu á sínum áður í gegnum „Íþróttaslysasjóð ÍSÍ“, með framlagi frá velferðarráðuneyti og í umboði þess.

Veruleg skerðing hefur orðið á framlagi velferðarráðuneytis til ÍSÍ vegna þessa málaflokks undanfarin ár. Á þeim árum hefur kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu aukist gríðarlega og viðmið til afsláttarkjara hjá Sjúkratryggingum Íslands hækkað mikið. Í kjölfar efnahagshrunsins jókst fjöldi umsókna, þegar að herti í fjárhag heimilanna í landinu og í rekstri íþróttafélaga. Framlag til sjóðsins hefur aldrei verið uppreiknað miðað við vísitölur og verðlag heldur einungis orðið fyrir skerðingu. Árið 2010 var ljóst að sjóðurinn stæði ekki undir því 80% endurgreiðsluhlutfalli til umsækjenda sem þá gilti og tók framkvæmdastjórn ÍSÍ því þá ákvörðun um mitt 40%, og er það þannig enn í dag og ræður sjóðurinn ekki við ár að lækka endurgreiðsluhlutfallið niður í 40%, og er það þannig enn í dag og ræður sjóðurinn ekki við meira. Þessi ákvörðun þýðir aukinn kostnað fyrir iðkendur, forráðamenn þeirra og íþróttahreyfinguna en var engu að síður óhjákvæmileg í ljósi þess að mánaðarlegar greiðslur til sjóðsins dugðu ekki lengur til útgreiðslu til umsækjenda.

Er það von aðildarfélaga KSÍ að ráðherra velferðarmála tryggi frekari framlög til sjóðsins svo reka megi sjóðinn í samræmi við yfirlýst hlutverk hans. Það er með öllu óviðunandi að íþróttafólk og íþróttafélög séu í mikilli óvissu um framtíð sjóðsins og að enn frekar séu framlög til íþróttahreyfingarnar skorin niður.

### Stjórn KSÍ

Þórir Hákonarson hafði framsögu og sagði að sjóðurinn hefði búið við skerðingu frá árinu 2002 þegar samið var um stjórvöld um starfsemi hans. Brýnt sé að sjóðurinn geti staðið undir lögbundnu verkefni sínu.

**Tillagan var samþykkt.**

## Tillaga til ályktunar - Útsendingarréttindi.

67. ársþing KSÍ, haldið á Hilton Nordica 9. febrúar 2013, mótmælir þeirri fyrirætlan mennta- og menningarmálaráðherra að setja lista yfir íþróttaviðburði sem ber að sýna í opinni útsendingu í sjónvarpi án eðlilegs endurgjalds. Þjóðnýting útsendingarréttinda á íþróttaviðburðum sem skipulagðir eru af sérsamböndum ÍSÍ er skerðing á frelsi þeirra til að afla tekna til starfsemi sinnar. Rekstur sérsambanda ÍSÍ byggir að mestu leyti á sjálfsaflafé, þau njóta lítila sem engrá styrkja frá stjórvöldum. Tekjur af útsendingarrétti í sjónvarpi frá íþróttaviðburðum geta skipt sköpum í rekstri sérsambanda ÍSÍ og svo er í tilfelli KSÍ. Það er vitanlega í þágu íþróttanna að sem flestir njóti útsendinga frá viðburðum þeim tengdum en það eitt og sér má ekki verða til þess að skerða möguleika sérsambanda til að afla sér tekna.

### Stjórn KSÍ

Geir Þorsteinsson mælti fyrir tillögunni og benti á að knattspyrnuhreyfingin fengi lítið frá hinu opinbera og það væri langt í frá að ríkisafskipti væru til bóta í þessum efnum.

**Tillagan var samþykkt með meginþorra atkvæða gegn tveimur.**

## Önnur mál.

Þórir Hákonarson flutti yfirlit um breytingar á reglugerðum KSÍ á liðnu starfsári og jafnframt var breytingunum dreift til allra þingfulltrúa.

Gísli Gíslason gerði grein fyrir störfum starfshóps um aldursflokkaskipingu en starfshópurinn skilaði af sér á fundi formanna og framkvæmdastjóra sl. haust.

Þórir Hákonarson gerði grein fyrir störfum starfshóps um agaskýrslu dómara. Skýrslur dómara verða staðlaðar frá og með næsta sumri í samræmi við reglur UEFA og knattspyrnulög. Þessi aðferð á m.a. að tryggja að viðurlög vegna brota verða samræmd. Hvað varðar verklag Aganefndar sagði hann að sé leikmaður úrskurðaður í meira en eins leiks bann verði ástæður þyngingar útskýrðar með nokkrum orðum.

Jón Rúnar Halldórsson tók til máls og sagði að áætla mætti að félögin 24 í tveimur efstu deildunum veltu um 1,5 milljarði og þarna væru vinnustaðir 400-450 manna. Knattspyrnuhreyfingin greiddi 250-300 milljónir króna í opinber gjöld árlega. Hann sagðist vilja að knattspyrnuhreyfingin nálgæðist stjórnvöld með upplýsingar og staðreyndir sem þessar í farteskinu. Hreyfingin væri ekki þiggjandi heldur legði mikið með sér peningalega og þá væri hann ekki að tala um ómælt sjálfboðastarf með börnum og unglungum. Knattspyrnuhreyfingin ætti að koma sínum eigin sjúkrasjóði á laggirnar og einnig ferðasjóði, taka málin í eigin hendur.

Gísli Gíslason sagðist taka undir orð Jóns Rúnars, sannarlega væri brýnt að kortleggja það sem knattspyrnan legði til samfélagsins. Gögn vantaði um hversu mikið félögin legðu inn, en fengju svo sáralítið á móti. Balansinn væri býsna skakkur og nauðsynlegt væri að koma fjárveitingavaldu í skilning um hversu mikilvægt starfið í hreyfingunni væri.

Ómar Bragi Stefánsson tók undir með tveimur síðustu ræðumönnum og sagði að knattspyrnan ætti að nota tækifærið vikurnar fram að kosningum til að herja á stjórnvöld. Til að byrja með mætti mynda fimm manna starfshóp til að undirbúa verkefnið og hvernig haga bæri átakinu.

Jón Björn Skúlason talaði um kostnaðarliði við reksturinn. Hann velti fyrir sér aldursskiptingu í yngri flokkum og sagðist telja rétt að fjölga árum annað hvort í 3. eða 2. flokki og þá væri spurning hvort ekki væri rétt að byrja á slíku stúlknamegin, þjálfarar stúlkna virtust sérstaklega áhugasamir um slíkt.

Jónas Þórhallsson sagði það vera háar upphæðir sem knattspyrnan borgaði í opinber gjöld og rifjaði upp baráttu Grindvíkinga til að fá virðisaukaskatt endurgreiddan af framkvæmdum sveitarfélagsins við íþróttamannvirki.

Einar K. Jónsson sagði að 58 þjálfarar væru hjá Breiðabliki og það væri býsna stór vinnustaður, samningsbundnir leikmenn væru um 60 talsins fyrir utan alla aðra sem kæmu að starfinu. Félagið borgaði um 10 milljónir króna í tryggingagjald. Samstæðureikningur félaganna allra myndi sýna svart á hvítu hversu gífurlega háar upphæðir væri um að ræða.

Jónas Sigurðsson vildi beina því til stjórnenda opinna móta að á vef KSÍ væru skráð yfir 40 slík mótt og hvert þeirra væri með sínu lagi. Setja þyrfti þessum mótmum umgjörð með ákveðnum viðmiðum, t.d. um lágmarksfjölda leikja, aðstöðu og jafnvel geturöðun.

Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari fjallaði um íslenska landsliðið.

**Kosningar**

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

**Kosning formanns:**

Kjörnefnd gerði tillögu um Geir Þorsteinsson sem formann KSÍ til næstu tveggja ára. Var hann sjálfkjörinn með lófataki.

**Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

- Gylfi Þór Orrason, ÍBR
- Guðrún Inga Sívertsen, ÍBR
- Róbært Agnarsson, ÍBR
- Vignir Már Þormóðsson, ÍBA

**Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland	Valdemar Einarsson, UÍA
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

**Kosning til varastjórnar til eins árs**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

- Jóhannes Ólafsson, ÍBV
- Jóhann Króknes Torfason, HSV
- Þórarinn Gunnarsson, ÍBR

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Vesturland	Vigfús Örn Gíslason, HSK
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Magnús Ásgrimsson, UÍA
Suðurland	Trausti Hjaltason, ÍBV

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning fulltrúa á íþróttabíng íSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttabíng til stjórnar KSÍ var samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Dýri Guðmundsson
	Haukur Gunnarsson
Varamenn	Elías Hergeirsson
	Þór Símon Ragnarsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson
	Guðmundur Pétursson
	Lúðvík Örn Steinarsson
Varamenn	Brynjar Níelsson
	Guðmundur Þórðarson

Hörður Felix Harðarson  
Jóhannes Albert Sævarsson  
Kolbeinn Árnason

**Kosning í leyfisráð**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisráð til tveggja ára var samþykkt:  
Lúðvík Georgsson, formaður  
Eggert Steingrímsson  
Guðmundur H. Pétursson  
Stefán Bergsson  
Örn Gunnarsson

**Kosning í leyfisdóm**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisdóm til tveggja ára var samþykkt:  
Gísli Hall, formaður  
Elías Hergeirsson  
Ragnar Gíslason  
Rúnar Gíslason  
Stefán Gunnlaugsson

**Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára var samþykkt:  
Gunnar Guðmundsson, formaður  
Halldór Frímannsson, varaformaður  
Sigurður Ingi Halldórsson, varaformaður  
Einar M. Árnason  
Helgi R. Magnússon  
Sigrún S. Óttarsdóttir  
Sigurður Guðmundsson  
þróstur Ríkharðsson

**Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:  
Steinn Halldórsson, formaður  
Einar K. Jónsson  
Jónas Gestur Jónasson

**Endurskoðandi**

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

**Kosning í siðanefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í siðanefnd KSÍ til eins árs var samþykkt:  
Aðalmenn      Albert Eymundsson  
                  Kristrún Heimisdóttir  
Varamenn      Helgi Þorvaldsson  
                  Hanna Sigríður Sigurðardóttir

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

**Þingslit**

Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ að slíta 66. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Geir Þorsteinsson þakkaði traust sem þingfulltrúar hefðu sýnt honum með endurkjöri. Hann þakkaði gott og málefnalegt þing og hét því að starfa áfram að framfararmálum fyrir íslenska knattspyrnu. Hann sagðist telja að velta knattspyrnuhreyfingarinnar væri hátt í fimm milljarðar króna á ári og stór hluti af þeirri upphæð fær til ríkisins. Hann sagðist vonast eftir að skýrsla eins og hefði verið unnin um svonefndar skapandi greinar sýndi stöðuna svart á hvítu. Að því loknu sleit Geir Þorsteinsson 67. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Guðmundur Pétursson  
1. þingforseti  
(sign.)



Ágúst Ingi Jónsson  
1. þingritari  
(sign.)



Steinn Halldórsson  
2. þingforseti  
(sign.)



Klara Bjartmarz  
2. þingritari  
(sign.)

